

**Erindisbréf fyrir félagsþjónustunefnd
Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010–2014**

0911050SA

Skipan nefndarinnar

Í nefndinni eiga sæti:

- Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri Kópavogsbæjar;
- Guðrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar;
- Hjalti Þór Vignisson, bærjastjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði;
- Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri í Sandgerðisbæ, og
- Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Hlutverk nefndarinnar

Að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins um verkefni sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga.

Helstu verkefni

- a. Gera tillögur um áherslur og stefnumótun sveitarfélaga á sviði nefndarinnar, svo sem málefnum fatlaðra og aldraðra, barnaverndarmálum og húsnæðismálum.
- b. Gefa álit um lagafrumvörp og reglugerðir að beiðni stjórnar og starfsmanna sambandsins.
- c. Vekja athygli á málum sem nefndin telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi sambandsins, sem og á þróun og breytingum, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um.
- d. Vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða sambandsins á sviði félagsþjónustumála.

Fundir

Fundir nefndarinnar eru haldnir eftir þörfum.

Boðun funda og fundargerðir

Félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara, stjórnar fundum nefndarinnar og gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar eða eftir tilvikum til staðfestingar.

Kostnaður af störfum nefndarinnar

Greidd er þóknun fyrir setu í nefndinni, þ.e. tiltekin fjárhæð fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn
Sambands íslenskra sveitarfélaga
29. október 2010

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri